

Nd. **37. Frumvarp til laga** [34. mál]
um breyting á lögum nr. 93 frá 24. des. 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Flm.: Ólafur Ragnar Grímsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

6. töluliður 3. gr. laganna orðist svo:
að skipta fjármagni Byggðasjóðs milli landshlutadeilda sjóðsins í samræmi við almennar byggðaáætlanir og skiptingu landsins í þróunarsvæði, sbr. VI. kafla laga þessara.

2. gr.

3. töluliður 5. gr. laganna orðist svo:
að gera tillögur um árlega heildaráætlun fyrir Framkvæmdasjóð og Byggðasjóð og lánveitingar úr Framkvæmdasjóði.

3. gr.

Orðin „og Byggðasjóði“ í 14. gr. laganna falli niður.

4. gr.

26. gr. laganna orðist svo:
Byggðasjóður er eign ríkisins og starfar sem hluti af Framkvæmdastofnun ríkisins. Byggðasjóði skal skipt í sérstakar landshlutadeildir:

Vesturlandsdeild,
Vestfjarðadeild,
Norðurlandsdeild,
Austurlandsdeild,
Suðurlandsdeild,
Reykjanesdeild.

Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins skiptir fjármagni Byggðasjóðs milli landshlutadeilda í samræmi við ákvæði 3. gr. Stjórn hvernar landshlutadeildar er í höndum stjórnar viðkomandi landshlutasamtaka. Stjórn landshlutadeildar ákveður lánveitingar úr sjóðnum til aðila á sínu svæði.

Stjórn hvernar landshlutadeildar er heimilt að verja hluta af ráðstöfunarfé til að greiða laun starfsmanna deildarinnar og annan kostnað, sem leiðir af starfsemi hennar.

5. gr.

Við 28. gr. laganna bætist nýr töluliður:
5) Árlegt framlag úr ríkissjóði, sem nemi í fyrstu 1% af þjóðartekjum, en hækki á næstu fjórum árum í 3% af þjóðartekjum.

6. gr.

Við 29. gr. laganna bætist ný mgr.:

Byggðasjóði er heimilt að veita lán til gatnagerðar, íbúðabygginga, orkuöflunar vegna hitunar húsa, bygginga heilsugæslustöðva, bygginga mennta- og menningarstofnana og annarra framkvæmda, sem stjórn landshlutadeildar telur nauðsynlegar til að efla aðstöðu íbúa landshlutans.

7. gr.

31. gr. laganna breytist þannig: Í stað „Stjórn Byggðasjóðs“ komi: Stjórnnum landshlutadeilda Byggðasjóðs.

8. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmdaráð gerir árlegar áætlanir um skiptingu ráðstöfunarfjár Byggðasjóðs milli landshlutadeildanna og gerir frumvarp að slíkri áætlun á grundvelli almennra byggðaáætlana og landshlutaáætlana og leggur fyrir stjórnina.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, var stigið mikilvægt upphafsskref í átt að varanlegum lausnum á byggðavanda landsins. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið framlag til Byggðasjóðs, sem næmi 2% af ríkisútgjöldum, felur í sér viðurkenningu á því, að þörf sé á verulegri eflingu þeirrar starfsemi, sem hafin var með setningu fyrrgreindra laga.

Eigi starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins og Byggðasjóðs að stuðla að grundvallarbreytingum á aðstöðu landsbyggðarinnar verður þó að grípa til enn róttækari aðgerða. Það verður að stórefla framlag ríkisins til byggðapróunar og flytja vald yfir ráðstöfun fjármagnsins til samtaka landsbyggðarinnar. Jafnvægi í byggð landsins verður aldrei náð að verulegu marki fyrr en afgerandi fjármagnsvald hefur verið flutt frá stjórnstofnunum í Reykjavík til samtaka fólksins í hverjum landshluta.

Grundvallaratriði þeirra breytinga, sem hér er lagt til að gerðar verði á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins, felast annars vegar í dreifingu valds frá miðstöð í Reykjavík til samtaka fólksins í hverjum landshluta og hins vegar í ákvæðum um fjármagnsúttegningu, sem nauðsynleg er, eigi aðgerðir Byggðasjóðs að leiða til varanlegra og umtalsverðra breytinga á búsetuhlutfallinu í landinu.

Að óbreyttu skipulagi Byggðasjóðs munu áform ríkisstjórnarinnar um framlög, sem næmi 2% ríkisútgjalda, í reynd auka enn frekar hina sterku valdamiðstöð í Reykjavík. Fjármagnsstofnunum á höfuðborgarsvæðinu mundi veitast aukinn styrkur. Raunverulegum jöfnuði í byggðamáli verður ekki náð að verulegu marki nema vald yfir fjármagninu sé í reynd fært í hendur samtaka landshlutanna. Þess vegna er hér lagt til, að samhliða auknu fjármagni til Byggðasjóðs verði ákveðið að skipta honum í deildir eftir landshlutum. Það verði síðan stjórn hverrar deildar, sem ákveði lánveitingar á sínu svæði. Aðalstjórn Byggðasjóðs hafi einungis það hlutverk að skipta heildarfjármagninu milli einstakra deilda í samræmi við almennar byggðaáætlanir og mat á hlutfallslegum byggðavanda landshlutanna. Stjórn landshlutadeildanna verði í höndum stjórnna viðkomandi landshlutasamtaka og verði þeim heimilað að ráða starfsmenn, svo að þær geti gegnt úthlutunarhlutverkinu á skipulagðan og raunhæfan hátt. Þessi breyting hefði í för með sér verulega aukningu á valdi landshlutasamtakanna og gerði þess vegna nauðsynlegt, að sett yrðu sérstök lög um stöðu þeirra í stjórnkerfinu, skipulag og lýðræðislega uppbyggingu.

Þótt á síðari árum hafi fengist almenn viðurkenning á því, hve mikilvægt er að leita lausna á byggðavandanum, hefur skort raunhæft mat á stærðargráðu vand-

ans. Náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum hafa vakið athygli alþjóðar á vanda eins byggðarlags í húsnæðismálum, samgöngumálum, heilbrigðismálum, atvinnu- málum og öðrum málaflokkum, sem snerta daglegt líf fólksins. Vandí landsbyggð- arinnar í þessum málaflokkum — eigi hún á næstu 10—20 árum að búa íbúum sínum að verulegu leyti sömu aðstöðu og höfuðborgarsvæðið — er í reynd marg- faldur vandí Vestmannaeyja. Þess vegna verður á næstu árum að leggja sérstaklega til Byggðasjóðs a. m. k. svipað fjármagn og ríkið varði til viðreisnar Vestmanna- eyja. Hér er lagt til, að þegar verði Byggðasjóði afhent fjármagn, sem samsvari 1% af þjóðartekjum, og það framlag hækkað í áföngum á næstu fjórum árum í 3% af þjóðartekjum. Þessi hlutföll mundu á þessu ári færa Byggðasjóði rúmar 900 millj. kr., sem að fjórum árum liðnum mundu á verðlagsgrundvelli síðasta árs og að óbreyttum forsendum þjóðartekna nema tæpum 2800 millj. kr. Þótt hér sé um miklar fjárhæðir að ræða, munu þær í reynd varla reynast nægilegar til að leið- rétta þann mismun, sem landsbyggðin hefur búið við um árabil. Þær skapa hins vegar grundvöll aðgerða, sem haft gætu í för með sér varanlegar úrbætur á mörg- um sviðum.

Í samræmi við flutning valds og fjármagns með þessum breytingum í hendur landsbyggðarinnar er nauðsynlegt að fjölga þeim verkefnum, sem hlutverk Byggða- sjóðs tekur til. Hér er lagt til, að auk eflingar atvinnulífsins megi Byggðasjóður styðja framkvæmdir á öllum þeim sviðum, sem stjórn landshlutadeildar telur að snerti byggðastöðu landshlutans. Í þessu sambandi er sérstaklega kveðið á um gatnagerð, íbúðabyggingar, orkuöflun vegna húsahtunar, byggingar heilsugæslu- stöðva og mennta- og menningarstofnana. Stjórnir landshlutadeildanna mundu veita viðbótarlán til þeirra framkvæmda, sem að þeirra dómi væru á hverjum tíma brýn- asta hagsmunamál landshlutans. Aðrar lánastofnanir á þessum sviðum mundu starfa á sama grundvelli og áður. Hinn deildaskipti Byggðasjóður mundi því í reynd leggja fram eins konar áherslufjármagn. Það yrði á valdi stjórnna landshluta- deildanna að meta áhersluskiptinguna.